



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

BERNSTEIN VILLA-LOBOS

24. JANÚAR
2019

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og aðgengilegir á ruv.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Upphaflega stóð til að Freyr Sigurjónsson yrði einleikari í flautukonserti Jóns Ásgeirssonar en hann þurfti því miður að aflýsa komu sinni. Í hans stað leikur Emilía Rós Sigfúsdóttir konsertinn.

Áætluð tímalengd verka:

Bachianas Brasileiras: 27'

Flautukonsert: 30'

Sinfónískir dansar: 23'

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna legalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

Icelandair Hotels



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

FIM 24 JAN 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

BERNSTEIN OG VILLA-LOBOS

Ligia Amadio
hljómsveitarstjóri

Emilía Rós Sigfúsdóttir
einleikari

EFNISSKRÁ

Heitor Villa-Lobos
Bachianas Brasileiras nr. 7 (1942)
Prélude: Ponteio
Gigue: Quadrilha Caipira
Tocata: Desafio
Fuga: Conversa

HLÉ

Jón Ásgeirsson
Flautukonsert (2000, frumflutningur)
Andante - allegro
Adagio
Moderato - vivace

Leonard Bernstein
Sinfónískir dansar úr West Side Story (1960–61)
Forleikur (Allegro moderato) –
Somewhere (Adagio) –
Scherzo (Vivace leggiero) –
Mambo (Presto) –
Cha-cha (Andantino con grazia) –
Ástarfundur (Meno mosso) –
Svalir strákar (Allegretto) –
Bardaginn (Molto allegro) –
Niðurlag (Adagio)

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is



LIGIA AMADIO

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Brasilíski hljómveitarstjórinn Ligia Amadio hóf alþjóðlegan feril sinn sem hljómveitarstjóri árið 1992. Hún hefur fengið lofsamlega dóma fyrir listfengi, persónutöfra og kraftmikla sviðsframkomu. Amadio hefur verið listrænn stjórnandi og gestastjórnandi margra framúrskarandi hljómveita. Hún var aðalhljómveitarstjóri Sinfóníu-hljómveitar Rio de Janeiro í yfir áratug ásamt því að vera listrænn stjórnandi og aðalhljómveitarstjóri Fílharmóníu-sveitar Mendoza í Argentínu. Í dag gegnir Amadio stöðu aðalhljómveitarstjóra Fílharmóníuhljómveitar Bogotá í Kólumbíu.

Amadio hefur verið gestastjórnandi margra hljómveita í Evrópu, Asíu og Ameríku og má þar nefna Hollensku útvarpshljómveitina, Fílharmóníusveitina í Tókýó, Fílharmóníusveit Tælands, Sinfóníuhljómveit São Paulo, Ísraelsku kammersveitina, Sinfóníuhljómveit Mexíkó og Fílharmóníusveit Buenos Aires. Amadio hefur unnið með mörgum framúrskarandi listamönnum á borð við Mörtu Argerich, Shlomo Mintz og Peter Donohoe. Amadio var fyrst kvenna í þrjátíu ár til að hljóta verðlaun í Alþjóðlegu hljómveitarstjórakeppninni í Tókýó 1997 og ári síðar vann hún Rómönsk-amerísku hljómveitarstjórakeppnina í Santiago í Síle. Hún ásamt þremur öðrum var valin úr hópi 180 nema til að stjórna Concertgebouw-hljómveitinni í Amsterdam eftir frábæra frammistöðu á Kirill Kondrashin-hljómveitarstjóranámskeiðinu. Árið 2001 var hún útnefnd hljómveitarstjóri ársins af tónlistargagnrýnendum í São Paulo og 2012 veittu Carlos Gomes-samtökin í Brasilíu henni sama vegsauka.

Ligia Amadio sá um gerð útvarpsþátta um tónlist og bókmenntir fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti Brasilíu um nokkurra ára skeið en auk þess hefur hún stjórnað Þjóðar-hljómveit Brasilíu (UFF) og RTV-sinfóníuhljómveitinni í Slóveníu ásamt fleirum á yfir tug geisla- og mynddíska. Í því safni er meðal annars að finna verk eftir Heitor Villa-Lobos og úrval verka eftir önnur brasilísk tónskáld.

Amadio hefur tvisvar áður verið gestur Sinfóníuhljómveitar Íslands. Hún stjórnaði hljómveitinni fyrst á sérstökum kvenna-tónleikum í júní 2015 og fyrir rétttri viku flutningi ungra einleikara með hljómveitinni í Eldborg.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Á Þjóðlagahátíðinni á Siglufirði árið 2006 lék Sinfóníuhljómveit unga fólksins undir stjórn Ligu Amadio. Meðal verka á efnisskrá var Columbine eftir Þorkel Sigurbjörnsson með Emilíu Rós Sigfúsdóttur í hlutverki einleikarans og Eldur eftir Jóranni Viðar. Árið 2015 stjórnaði Amadio tónleikum með Sí sem haldnir voru í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna á Íslandi. Á efnisskrá var Dreymi eftir Önnu Þorvaldsdóttur, píanókonsertinn Slátta eftir Jóranni Viðar og Gelíska símfónían eftir Amy Beach.



EMILÍA RÓS SIGFÚSDÓTTIR

EINLEIKARI

Flautuleikarinn Emilía Rós Sigfúsdóttir hefur á undanförnum árum skipað sér í röð fremstu hljóðfæraleikara sinnar kynslóðar á Íslandi. Leikur hennar hefur hlotið afar góða dóma síðastliðin ár en diskur hennar Portrait hlaut lofsamlega dóma í tímaritinu Gramophone og einnig fengu tónleikar hennar og Sinfóníuhljómsveitar Íslands fimm stjörnu dóm í Fréttablaðinu fyrir flutning á flautukonserti Iberts árið 2016.

Emilía Rós hefur víða komið fram sem einleikari, þar á meðal með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Ungfóníu, Trinity College of Music Symphony Orchestra og Orquestra Sinfonica Nacional í Brasilíu sem og á tónleikum í Queen Elizabeth Hall, St. John's Smith Square og St James's Church í London, Bozar tónleikahöllinni í Brussel, á Listahátíð á Möltu og farið í tónleikaferð um austurströnd Kanada. Undanfarna mánuði hefur hún ferðast um Evrópu og leikið víða á tónleikum með Björk og flautuseptettinum Viibra.

Emilía Rós er ötull þátttakandi í flutningi kammertónlistar en hún er ein af stofnendum Elektra Ensemble, Tónlistarhóps Reykjavíkur 2009, og kemur reglulega fram með þeim á tónleikum. Hún leikur reglulega með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Hljómsveit Íslensku óperunnar. Emilía Rós hefur hlotið margs konar viðurkenningar fyrir leik sinn. Meðal annars vann hún til þriðju verðlauna í einleikarakeppni Trinity College of Music árið 2004, árið 2007 vann hún flautuverðlaunin sem og kammertónlistarverðlaunin sem veitt eru árlega í Royal College of Music og 2013 hlaut geisladiskur hennar, Portrait, þrjár tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna, þar á meðal sem hljómplata ársins í flokki sígildrar- og samtímatónlistar. Í vetur kemur út nýr diskur hennar með flautusónötum eftir Sergei Prokofiev og Joseph Jongen.

Emilía Rós lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 2003, Postgraduate Diploma með hæstu einkunn frá Trinity College of Music 2004 og Master of Music frá Royal College of Music 2009.



HEITOR VILLA-LOBOS

BACHIANAS BRASILEIRAS NR. 7

Heitor Villa-Lobos (1887–1959) var höfuðtónskáld Brasilíu og sló þjóðlegan tón í verkum sínum, blandaði seiðandi hryn brasilískrar tónlistar saman við áhrif frá Stravinskíj. Meðal helstu verka hans er flokkurinn *Bachianas Brasileiras* þar sem brasilískir tónar renna saman við form og stíl barokksins á heillandi hátt. Um flokkinn sagði Villa-Lobos:

„Þetta er sérstök gerð af tónsmíð sem byggir á náinni þekkingu á stórkostlegum verkum Bachs en einnig hljómaveröld hans sem og kontrapunkti og lagrænu andrúmslofti brasilískrar þjóðlagahéðar. Tónskáldið lítur á Bach sem alþjóðlegan nægtabrunn þjóðlaga sem á rætur í alþýðutónlist allra landa veraldarinnar. Hann sameinar alla kynþætti.“

Villa-Lobos samdi *Bachianas Brasileiras nr. 7* árið 1942 og var verkið frumflutt undir hans stjórn í Rio de Janeiro 13. mars 1944. Fyrsti þátturinn, Prélude: Ponteio, byggir á íhugulu stefi og hefur yfir sér alvarlegt yfirbragð. Ponteio þýðir plokkað á portúgölsku sem vísar til pizzicatos strengjanna í kaflanum. Í næsta þætti, Gigue: Quadrilha, mætast tveir fjörugir dansar - gigue eða jig sem var vinsæll hirðdans á meginlandi Evrópu og Bretlandi á 17. og 18. öld og Quadrille sem var dansaður í ferhyrning af minnst fjórum þörum. Hér notar tónskáldið brasilíska karnivalgerð hennar Quadrilha Caipira eða sveitaquadrillu. Í fjörugrí og ögrandi Toccötunni, Tocata: Desafio, eru engin gríð gefin og tónlistin er eins og rússíbanuferð frá byrjun til enda. Lokaðátturinn, Fuga: Conversa (samtal), hljómar líkt og hátíðleg kveðja tónskáldsins til Johanns Sebastian Bach.

Villa-Lobos lét tónlistarmenntun heimalandsins mjög til sín taka og árið 1932 var hann skipaður yfirmaður tónlistarfræðslu í gjörvallri Brasilíu. Undir hans handleiðslu voru á næstu árum gerðar róttækar umbætur á þessu sviði auk þess sem að Villa-Lobos stóð að stofnun nýrra tónlistarskóla á efri stigum.

Eftir Heitor Villa-Lobos liggja um tvö þúsund tónverk af ýmsum stærðum og gerðum. Meðal þessara verka eru tólf símfóníur, sextán strengjakvartettar, flokkurinn *Chôros* sem samanstendur af fjórtán verkum fyrir ýmsar samsetningar, tveir sellókonserter, hörpukonsert, gítarkonsert og konsert fyrir harmóníku.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur nú í fyrsta sinn *Bachianas Brasileiras nr. 7* eftir Villa Lobos. Petri Sakari stjórnaði vorið 1989 flutningi á þeirri nr. 2 í flokknum en oftast hefur hljómsveitin leikið *Bachianas Brasileiras nr. 5*. Örn Óskarsson reið á vaðið og stjórnaði verkinu á fernum skólatónleikum í október 1991 og fjórum árum síðar stjórnaði Alberto Marnezon verkinu á áskrifartónleikum í Háskólabíói. Áður hafði Elísabet Erlingsdóttir raunar sungið verkið í sjónvarps-upptöku ásamt sellistum, meðal annars úr Sinfóníuhljómsveit Íslands, undir stjórn Páls P. Páls-sonar (árið 1976). *Bachianas Brasileiras nr. 6* fyrir flautu og fagott var fyrsta verkið úr þessum báiki til að hljóma í lífandi flutningi á Íslandi, á útvarpstónleikum árið 1971.



JÓN ÁSGEIRSSON

FLAUTUKONSERT

Jón Ásgeirsson er eitt ástsælasta tónskáld Íslands en hann fagnaði nírræðisafmæli sínu á liðnu hausti. Jón stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík, þar sem aðalkennarar hans voru Árni Kristjánsson, dr. Victor Urbancic og Jón Þórarinnsson. Að loknu námi við Tónlistarskólann stundaði hann framhaldsnám við Konunglega skoska tónlistarskólann í Glasgow og Guildhall-tónlistarskólann í London. Auk tónsmíða hefur Jón stundað kennslustörf, lengst af við Kennaraháskóla Íslands en hann var skipaður prófessor í tónlist 1996.

Jón Ásgeirsson sótti í fyrstu verkum sínum, *Þjóðvísu*, *Lilju* og *Fornum dönsu* efnivið til íslenskra þjóðlaga, en einnig liggja eftir hann ótal þjóðlagaútsetningar ýmist fyrir hljóðfærahópa eða kóra og hafa kórúsetningar hans öðlast sérstakan sess meðal íslenskra kórbókmennta. Meðal helstu verka Jóns eru óperurnar *Þrymskviða* og *Galdra-Loftur*, ballettinn *Blindisleikur*, *Sjöstrengjaljóð* fyrir strengjasveit og konsertar fyrir selló, horn og klarínettu. Meðal sönglaga Jóns má nefna lagaflokkinn *Svartálfadans* og lög Jóns úr leikgerð sögu Halldórs Laxness *Húsi skáldsins - Maistjörnuna*, *Vorvísu* og *Hjá lygnri móðu*. Óperan *Galdra-Loftur*, sem byggð er á samnefndu leikriti Jóhanns Sigurjónssonar var frumflutt á Listahátíð í Reykjavík 1996 og kom nýverið út á geisladiski.

Tilurð flautukonsertsins má rekja til vináttu Arnþórs sonar Jóns sem er sellóleikari og Freys Sigurjónssonar flautuleikara en þeir eru æskuvinir og fóru saman til framhaldsnáms til Manchester. Freyr fluttist síðan til Bilbao á Spáni þar sem hann hefur undanfarna áratugi starfað sem 1. flautuleikari í símfóníuhljómsveit borgarinnar. Í einni Íslandsheimsókn sinni bað hann Jón að skrifa fyrir sig flautukonsert og lauk Jón því verki árið 2000.

Eins og Jóns er von og vísa prýða margar fagrar laglínur flautukonsertinn og er fyrsti kaflinn byggður á stafi sem Jón notaði í kvikmynd Baltasar Kormáks, *Hafið*.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Rétt tæp fimmtíu ár eru síðan Símfóníuhljómsveit Íslands flutti í fyrsta sinn verk eftir Jón Ásgeirsson. Þann 23. október 1969 hófust áskriftartónleikar hljómsveitarinnar á Sjóstrengjaljóði Jóns en í kjölfarið hljómaði D-dúr sellókonsert Haydns í meðföllum Gunnars Kvaran og síðan Konsert fyrir tvo trompetta og strengi eftir Vivaldi. Einleikarar voru þáverandi trompetleikarar Símfóníunnar, Jón Sigurðsson og Lárus Sveinsson en stjórnandi var Páll Pampichler Pálsson.



LEONARD BERNSTEIN

SINFÓNÍSKIR DANSAR ÚR WEST SIDE STORY

Um þessar mundir er þess víða minnst að öld er liðin frá fæðingu bandaríska hljómsveitarstjórans, tónskáldsins og píanóleikarans Leonard Bernstein (1918–1990). Hann var í hópi litríkustu persónuleika í tónlistarheimi 20. aldarinnar og naut virðingar fyrir færni á hinum ýmsu sviðum tónlistar. Bernstein gerði sér far um að miðla þekkingu sinni til yngra fólks og gerði fjölda sjónvarpsþátta þar sem hann opnaði ungum áheyrendum töfraheim sígildrar tónlistar.

Aðeins 25 ára gamall tók hann við stöðu aðstoðarhljómsveitarstjóra New York-fílharmoníunnar þar sem gifturík ferill hans á stjórnendapallinum byrjaði. Árið 1953 varð hann fyrsti bandaríski stjórnandinn til að stjórna sýningu í Scala-óperunni í Mílanó. Hann var síðan tónlistarstjóri og stjórnandi New York-fílharmoníunnar frá 1958–1969 og ferðaðist með henni víða um heim. Þá var Bernstein á ferli sínum aúfúsugestur margra helstu hljómsveita heimsbygðarinnar - ekki aðeins sem hljómsveitarstjóri heldur einnig sem píanisti og fræðari.

Verkalisti Leonard Bernstein er einkar fjölbreyttur og inniheldur balletta, óperur, leikhús- og kvikmyndatónlist, hljómsveitar- og kórverk, kammertónlist, söngljóð, píanóverk en síðast en ekki síst söngleiki sem urðu átta talsins. Þeirra þekktastur er *West Side Story* frá árinu 1957 sem strax sló eftirminnilega í gegn á Broadway. Sagan er sótt til líðandi stundar, nánar tiltekið í fréttáflutning af stríðandi glæpa-gengjum í New York. Snúið er upp á söguna af Rómeó og Júlíu eftir Shakespeare en sögu sviðið er Manhattan. Tvær klíkur berjast um völd í vesturhluta borgarinnar og tilveran kemst í uppnám þegar piltur og stúlka fella hugi saman þvert á viðurkennd landamæri.

Svítan *Sinfónískir dansar úr West Side Story* varð til veturinn 1960–61 og var hún frumflutt af New York-fílharmoníunni stuttu eftir embættistöku Johns F. Kennedy sem forseta Bandaríkjanna í febrúar 1961. Svítan tengir saman nú aðskilda þætti úr *West Side Story* en þó ekki í upphaflegri tímaröð. Innan um fjöruga og á tíðum átakamikla tónlist sem dansað er við í söngleiknum, eða hún látin undirstrika viðburði í sögunni, heyrast kunnuglegar perlor eins og *Somewhere* og *Maria* sem nú er komin í cha-cha-cha-takt.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfónískir dansar Bernsteins úr *West Side Story* heyrðust fyrst í meðförum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í nóvember 1988 og stjórnaði bandaríski hljómsveitarstjórinn Murry Sidlin flutningnum. Næst hljómaði verkið haustið 1996 og aftur réttum tveimur árum síðar. Haustið 1998 og vorið 1999 lék hljómsveitin svo Mambó-kaflann úr verkinu fimm sinnum á skólatónleikum undir stjórn Bernharðs Wilkissonar. Á nýrri öld var verkið fyrst flutt í heild sinni á tvennum tónleikum í Háskólabíói í mars 2009 en síðast hljómuðu Sinfónískir dansar Bernsteins úr *West Side Story* í Eldborg vorið 2015. Hljómsveitarstjóri var Rico Saccani.

Sigurður Ingvi Snorrason



Á DÖFINNI Á MYRKUM

FIM 31 JAN 18:30

TÓNSKÁLDASPJALL VIÐ ÖNNU ÞORVALDSDÓTTUR

Í tilefni af frumflutningi á Íslandi á verkinu *Metacosmos* eftir Önnu Þorvaldsdóttur á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Myrkum músíkdögum stendur hljómsveitin fyrir tónskáldaspjalli sem hefst á tónleikadegi kl. 18:30 í Hörpuhorni. Árni Heimir Ingólfsson ræðir við Önnu um verkið og tilurð þess. **Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.**



FIM 31 JAN 19:30

MYRKIR MÚSÍKDAGAR

Á Myrkum músíkdögum 2019 verða blásturshljóðfæri í forgrunni. Flautukonsert Þuríðar Jónsdóttur, *Flutter*, frá árinu 2008 er meistaraleg tónsmíð þar sem hún blandar saman einleiksflautu, hljómsveit og krybbu- og engisprettuhljóðum. *Crevace*, nýr konsert Páls Ragnars Pálssonar fyrir flautu og fagott hljómar hér í fyrsta sinn, en verkið er sérstaklega samið fyrir Hallfríði Ólafsdóttur sem flytur það ásamt eistneska fagottleikaranum Martin Kuuskman. Auk þess hljómar í fyrsta sinn á Íslandi *Metacosmos*, hljómsveitarverk eftir Önnu Þorvaldsdóttur, staðartónskáld SÍ, samið fyrir Fílharmoníuhljómsveitina í New York og frumflutt þar undir stjórn Esa-Pekka Salonen í apríl síðastliðnum. Það er til marks um stöðu Önnu í tónlistarheiminum að hin víðfræga Fílharmoníuhljómsveit Berlínar mun flytja þetta nýja verk fáeinum dögum áður en það hljómar á Íslandi í fyrsta sinn. Einnig hljómar nýtt verk eftir Mariu Huld Markan Sigfúsdóttur, *Oceans*, á tónleikumunum. Hljómsveitarstjóri er Daníel Bjarnason.



FOS 01 FEB 12:00

YRKJA - UPPSKERUTÓNLEIKAR Í NORÐURLJÓSUM

Yrkja er samstarfsverkefni Íslenskrar tónverkamiðstöðvar og ýmissa tónlistarstofnana og tónlistarhópa. Verkefnið miðar að því að búa tónskáld undir starf í faglegu umhverfi hjá hljómsveitum, hátíðum og öðrum listastofnunum. Nú efnir Sinfóníuhljómsveit Íslands til slíks samstarfs í fjórða sinn. Tónskáldin Haukur Þór Harðarson og Ingibjörg Ýr Skarphéðinsdóttir störfuðu undir handleiðslu Önnu Þorvaldsdóttur, staðartónskálds, en verk þeirra hljóma fullmótuð á hádegistónleikum Myrkra músíkdaga í Norðurljósum. Hljómsveitarstjóri er Bjarni Frímánn Bjarnason. **Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.**

Á DÖFINNI



FIM 07 FEB 19:30

PROKOFÍEV OG BRAHMS

Rússneski píanistinn Denis Kozhukhin er ein skærasta píanóstjarna síðari ára. Hér leikur Kozhukhin hinn glæsilega konsert nr. 2 eftir Prokofiev sem gerir miklar kröfur um tæknilega færni og úthald einleikarans. Atli Heimir Sveinsson fagnaði átræðisafmæli sínu í september 2018 og af því tilefni flytur Sinfóníuhljómsveitin verk hans *Örsmá eilífðarbrot*. Á tónleikunum hljómar einnig fjórða sinfónía Brahms undir stjórn Antonio Méndez en hann heillaði áheyrendur upp úr skónum þegar hann stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands vorið 2016.



LAV 07 FEB 14:00 & 16:00

PÉTUR OG ÚLFURINN

Bernd Ogrodnik og brúðurnar hans gera söguna um Pétur og úlfinn ljóslifandi og eftirminnilega í barnvænni og fallegri uppfærslu Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Halldóru Geirharðsdóttur. Bernd er einn fremsti brúðugerðarmeistari heims og hefur sýning hans á Pétri og úlfinum farið sigurför víða um heim enda töfrum líkust. Fyrsti þáttur *Leikfangasinfóníunnar* með unga einleikara í fararbroddi og hið geysivinsæla *Bolero* eftir Ravel hljóma einnig á tónleikunum undir stjórn Maxime Tortelier.



FIM 21 FEB 19:30

DANÍEL OG PEKKA – VORBLÓTIÐ

Vorblót Stravinskíjs er meðal dádustu hljómsveitarverka 20. aldar. Flutningur *Vorblóts* á Íslandi telst ávallt stórvíðburður, ekki síst þegar íslenskur hljómsveitarstjóri er við stjórnvölinn. Daníel Bjarnason er einn fremsti tónlistarmaður landsins. Fiðlukonsert hans var saminn fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands og Fílharmóníuhljómsveitina í Los Angeles, sem frumflutti verkið. Konsertinn var saminn með finnska fiðlusnillinginn Pekka Kuusisto í huga sem er einleikari tónleikanna. Upptaktur að tónleikunum er svo hið undurfagra og kyrrláta *Fratres* eftir Arvo Pärt.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

24. JANÚAR 2019

1. FIDLA

Nicola Lolli
Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Justyna Bidler
Olga Björk Ólafsdóttir
Andrzej Kleina
Bryndís Pálsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Zbigniew Dubik
Laura Liu
Pálína Árnadóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir

2. FIDLA

Gunnhildur Daðadóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Kristján Matthíasson
Pascal La Rosa
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Þórdís Stross
Christian Diethard
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Roland Hartwell

VÍÓLA

Gregory Aronovich
Sarah Buckley
Herdís Anna Jónsdóttir
Ásdís Hildur Runólfssdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Þórunn Ósk Marinósdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Lucja Koczot
Kathryn Harrison

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Margrét Árnadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Júlía Mogensen
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Lovisa Fjeldsted

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Jacek Karwan
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Julia Hantschel
Peter Tompkins
Sandra Simón Monje

KLARÍNETT

Argunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Helga Björg Arnardóttir
Rúnar Óskarsson

SAXÓFÓN

Haukur Gröndal

FAGOTT

Arvid Larsson
Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Frank Hammarin
Guðmundur Andri Ólafsson

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Kasper Knudsen
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
Carlos Caro Aguilera
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley

PÍANÓ/CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Kjartan Guðnason
Pétur Grétarsson
Einar Valur Scheving

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*

Vladimir Ashkenazy *aðalheildsstjórnandi*

Osmo Vänskä *heildurstjórnandi*

Bjarni Frimann Bjarnason *aðstoðarhljómsveitarstjóri*

Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*

Arna Kristín Einarisdóttir *framkvæmdastjóri*

Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*

Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*

Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*

Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*

Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*

Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*

Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*

Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*

Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*



Feðgarnir Martial Nardeau og Matthías Nardeau vinna vinnuna sína með lungum og munn.

Matthías: Annars er ég mjög feginn að það hlýnaði í vikunni. Blöðin eru svo viðkvæm fyrir frostinu. **Martial:** Einmitt, það eru alltaf sömu vandræðin með ykkur óbóleikara og þessi blöð. **Matthías:** En hvað með pikkólóflautuna, er hún ekkert að springa?

Það er talsvert mikið loft í meðlimum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og sumir þeirra vinna hreinlega við að dæla því út í heiminn í gegnum rör, pípur og ventla. Hljóðfæri þeirra feðga, Martials og Matthíasar Nardeau, tilheyra bæði trúblástursdeild hljómsveitarinnar, þó að annað þeirra, þverflautan, sé reyndar yfirleitt úr málm.

Óbóíð er viðkvæmt hljóðfæri sem gerir miklar kröfur til óbóleikara sem yfirleitt eru í stanslausum vandræðum með svokölluð „blöð“ sem þeir blása í gegnum. Flautan á sér hins vegar langa hefð og hefur fylgt mannum um árþúsundir í ýmsum formum.

Martial Nardeau settist að með fjölskyldu sinni á Íslandi árið 1982, sama ár og Matthías fæddist suður í Frakklandi. Martial hefur lagt mikið til tónlistarlífsins hér á landi og ferðast víða til tónleikahalds. Matthías Nardeau er meðal unga fólksins í hljómsveitinni sem fer létt með að taka að sér viðkvæmar sólóstrófur á mikilvægum augnablikum.



GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is